

Reykjavík, 26. júlí 2023

Spurningar til tilnefningarnefndar Íslandsbanka frá hluthöfum bankans vegna tilnefninga til stjórnar fyrir hluthafafund bankans 28. júlí nk.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka hafa borist spurningar frá hluthöfum í kjölfar tilkynningar nefndarinnar um tilnefningar til stjórnar bankans á hluthafafundi 28. júlí n.k.

Spurningarnar lúta að því hvort nefndin hafi metið frambjóðendur til stjórnar m.t.t. hættunnar á hagsmunaárekstrum og hvort þeir geti verið sjálfstæðir í störfum sínum fyrir bankann. Þá er því velt upp hvort þeir einstaklingar sem nefndin tilnefnir til kjörs í stjórn bankans sem eru framkvæmdastjórar eða millistjórnendur stóra fyrirtækja hafi nægan tíma til að sinna stjórnarstörfum í bankanum af kostgæfni og hvort tekið hafi verið tillit til annarra starfa sem frambjóðendur sinna. Loks er óskað eftir upplýsingum um það hvort fleiri frambjóðendur hafi komið til greina við mat nefndarinnar á tillögum sínum til hluthafafundarins.

Af þessu tilefni vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri við hluthafa.

Eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar, dags. 18. júlí 2023, horfði nefndin til hæfisskilyrða stjórnar samkvæmt 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna og viðeigandi leiðbeininga og tilmæla um hæfi stjórnar fjármálafyrirtækja, við mat á frambjóðendum. Framangreindu til viðbótar hafði nefndin til hliðsjónar að reynsla og þekking á tilteknum þáttum sem skýrslan greinir væri æskileg.

Nefndinni bárust 20 framboð til stjórnar bankans og varastjórnar. Drógu 12 þeirra sig til baka eftir að tilnefningar nefndarinnar höfðu verið birtar. Gerð var krafa um að frambjóðendur skiluðu ferilskrám ásamt framboðseyðublaði þar sem fram komu upplýsingar til að hægt væri að leggja mat á hæfi þeirra, s.s. upplýsingar um aðalstarf, starfsreynslu, önnur trúnaðarstörf, eignarhluti í bankanum, beint eða í gegnum tengda aðila og möguleg hagsmunatengsl.

Tilnefningarnefnd lagði mat á öll framboð sem bárust nefndinni og hafði það að markmiði að sá hópur sem nefndin tilnefnir í stjórn bankans, ásamt þeim einstaklingum sem Bankasýsla ríkisins tilnefnir hafi sem hópur, nægilega breiða þekkingu, reynslu og bakgrunn að teknu tilliti til stefnu, þarfa og starfsemi bankans og að sá hópur sem tilnefndur er sé nægilega fjölbreyttur. Lagt var mat á óhæði frambjóðenda í samræmi við viðeigandi lög og reglur sem um starfsemi bankans gilda og lagði nefndin jafnframt mat á þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist. Nefndin leitaðist enn fremur við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.



Íslandsbanki líkt og önnur fjármálafyrirtæki, sem veita alhliða bankþjónustu, stendur óhjákvæmilega frammi fyrir hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi sinni og ber lögum samkvæmt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sinni. Er það stjórnarmanna sjálfra sem og bankans sjálfs að tryggja að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfi þeirra fyrir bankann. Af fyrirliggjandi upplýsingum við tilnefningar til stjórnar hefur nefndin ekki ástæðu til að ætla að hættan á hagsmunaárekstrum vegna þeirra einstaklinga sem nefndin tilnefnir til stjórnar bankans að þessu sinni sé meiri en gengur og gerist í íslensku viðskiptalífi og telur að þeir geti verið sjálfstæðir í störfum sínum fyrir bankann.

Um starfsemi viðskiptabanka gilda lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem setja stjórnarmönnum tilteknar skorður varðandi önnur störf þeirra. Þá lúta viðskiptabankar eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Gætt hefur verið að framangreindum takmörkunum við tilnefningar nefndarinnar og frambjóðendur hafa verið upplýstir um það vinnuframlag sem vænst er til að stjórnarseta krefjist. Frambjóðanda til formanns var jafnframt sérstaklega gerð grein fyrir hlutverki stjórnarformanns samkvæmt starfsreglum stjórnar bankans sem alla jafna felur í sér aukið vinnuframlag samanborið við aðra meðlimi stjórnarinnar. Hafa þeir frambjóðendur sem nefndin tilnefndi staðfest í viðtölum sínum við nefndina að þeir telji sig hafa nægan tíma og svigrúm til að sinna starfi sínu í stjórn bankans af kostgæfni. Til þess að í stjórn bankans sitji einstaklingar með viðeigandi þekkingu og reynslu er æskilegt að stjórnarmenn hafi viðeigandi reynslu úr atvinnulífinu. Í langflestum tilvikum gegna stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum, sem og öðrum stórfyrirtækjum, öðrum störfum að aðalstarfi og sitja jafnvel í stjórnnum fleiri fyrirtækja.

Að öðru leyti vísar nefndin til framangreindrar skýrslu sinnar til hluthafafundarins 28. júlí n.k.

Fresturinn til að senda inn framboð til tilnefningarnefndar rann út þann 10. júlí síðastliðinn og byggði nefndin tilnefningar sínar á þeim framboðum sem henni bárust innan frestsins. Almennur framboðsfrestur rann út þann 23. júlí síðastliðinn og hefur listi yfir alla frambjóðendur verið birtur í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland og á [heimasíðu bankans](#).

Virðingarfyllt,
F.h. tilnefningarnefndar Íslandsbanka hf.

Helga Valfells, formaður